

## Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Ertu með kynbótaáætlun?

Hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er boðið upp á gerð kynbótaáætlana og hafa fleiri og fleiri kúabændur áttar sig á gagnsemi þess að láta gera slika áætlun fyrir sig.

Pessi þjónusta RML er tvíþætt og er annars vegar greining á hjörðinni og hins vegar pörunaráætlun. Þegar þessar áætlanir eru gerðar er tekið tillit til skyidleika og passað í hverju og einu tilfelli upp á að velja ekki naut sem eru mikið skyld viðkomandi grip, horft er á kynbótagildi, bæði hjá nautinu og kúnni (eða kvigunni) s.s. hvar hennar helstu kostir liggja,

hverjar afurðimar eru og hvornig útlitsdómur hennar er. Nautavalið er síðan byggt á þessari greiningu þannig að reynt er að ná sem hæstri kynbótagilda mögulegra afkvæma án þess að nota einstök naut of mikið.

Áður en hafist er handa við að vinna kynbótaáætlun er griparisti sendur til bónadans og honum gefinn kostur á að skrá athugasemdir við gripina, s.s. ef einhverjar kýr reynast glæsigripir eða gallagripir, þó svo að kynbótagildið segi ekki endilega til um það. Tekið verður tillit til þessara athugasemda þegar áætlunin er unnin, og með því að skrá slikar athugasemdir fær

bondinn nákvæmari kynbótaáætlun. Þegar gerð áætlunarinnar er lokið, er hún send til bónadans, en í áætluninni er einnig gerð greining á stöðu búsins og kynbótagildi hjarðarinnar. Þannig fær bondinn góða mynd af því hvernig búið stendur í samanburði við önnur bú. Einnig er gerð greining á útliti gripanna og hverjir séu helstu kostir og gallar hjarðarinnar.

Pörunaráætlunin gildir í hálf til eitt ár í senn, þá þarf að uppfæra pörunarlistann, en mælt er með að láta gera greiningu á hjörðinni á 1-2 ára fresti.

Í pörunaráætluninni koma fram

tillögur að nautaval, þannig er mælt með einu „aðalnauti“ og síðan eru tvö naut valinn til vara í hverju tilfelli. Einnig kemur fram hvert kynbótagildi væntanlegs afkvæmis verði, sé kýrin sædd með sæði úr „aðalnautinu“. Miðað er við að nota öreynd naut i um helmingi tilfella, eins og mælt er með að bændur geri.

Auðveldast er að panta kynbótaáætlun á heimasiðu RML. Þar er valin „Búfjárrækt“ efst í stikunni á forsiðunni, þá kemur upp listi þar sem á að velja „Nautgriparsækt“ og þar undir „Kynbótaáælanir“. Þá kemur upp útskyring á því í hverju slik

Elín Nolsøe  
Grethardsdóttir  
Ráðunautur í naut-  
griparsækt hjá RML



kynbótaáætlun felst og neðst hægra megin er svo hægt að ýta á „Panta kynbótaáætlun“. Síðan á að skrifa inn helstu upplýsingar og haka við það sem óskað er sérstaklega eftir að lögð verði áhersla á og skiptir mestu máli fyrir hjörðina a búinu. Einig er hægt að hafa samband beint við ráðunaut í síma 516-5000.

Vert er að geta þess að bændum mun einnig standa til boða í einum pakka kynbótaáætlun og greining á frjósemi búsins innan tiðar. Upplýsingar um þann pakka má nálgast inn á heimasiðu RML eða í gegnum síma 516 5000 innan skamms.